

---

**2009 nr. 12 11. mars**  
**Lög um afnám laga nr. 141/2003, um**  
**eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, al-**  
**þingismanna og hæstaréttardómara, með**  
**síðari breytingum, og breyting á lögum**  
**nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna**  
**ríkisins, með síðari breytingum**

Tóku gildi 25. apríl 2009.

**I. kafli. Afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta**  
**Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardóm-**  
**ara.**

■ **1. gr.**

Lög nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, sbr. lög nr. 169/2008 um breytingu á lögum nr. 141/2003, falla úr gildi.

■ **2. gr.**

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu ákvæði laga nr. 141/2003

halda gildi sínu gagnvart hæstaréttardómurum sem skipaðir hafa verið í Hæstarétt fyrir gildistöku laga þessara sem og núverandi forseta Íslands.

■ **3. gr.**

Nú hefur maður öðlast eftirlaunarétt samkvæmt lögum nr. 141/2003 og heldur hann þá þegar áunnum réttindum.

Nú gegnir sá sem fær greidd eftirlaun samkvæmt lögum nr. 141/2003, eða samkvæmt eldri lögum er giltu um eftirlaun alþingismanna og ráðherra fyrir 30. desember 2003, starfi á vegum ríkisins, stofnana þess eða félaga í meirihluta-eigu þess, og koma þá launagreiðslur fyrir það starf að fullu til frádráttar eftirlaunum.

Þingfararkaup og biðlaunagreiðslur alþingismanna sem ljúka þingsetu og ráðherra sem láta af störfum í kjölfar kjördags 25. apríl 2009 mynda eftirlaunaréttindi samkvæmt lögum nr. 141/2003.

**II. kafli. . . .**

■ **5. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 25. apríl 2009.